

[Type here]



Árskýrsla starfsárið 2020- 2021



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðalfundur Leiknar 2020.....	3
Stjórnarfundir Leiknar	4
Helstu verkefni stjórnar	5
Innra starf.....	5
Námsferð Leiknar	5
Heimasíða og samfélagsmiðlar	6
Ytra - starf	5
Umfjöllun í fjölmiðlum.	6
Samstarfsverkefni	6
Alþjóðlegt samstarf.....	7
Norrænir fundir	7
Ársfundur EAEA.....	7

Inngangur

Leikn eru regnhlífasamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með 21 aðildarfélagi. Leikn er upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu og tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Starfsemi og virkni samtakanna er unnin í sjálfböðavinnu af stjórnarmeðlimum sem allir starfa innan fullorðinsfræðslunnar. Fullorðinsfræðsla er í almannabágu og getur breytt lífi fólks og samfélögum til hins betra. Við teljum að símenntun sé almannaheill sem eigi að vera réttur fólks til aukinna lífsgæða og þroska. Markmið Leiknar er að halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hér gefur að líta árskýrslu Leiknar fyrir starfsárið 2020 til 2021 þar sem greint er frá helstu störfum og verkefnum stjórnar. Fundargerðir stjórnar má finna á heimasíðu Leiknar www.leikn.is

Aðalfundur Leiknar 2020

Aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2019-2020 var haldinn í húsnæði Starfsmenntar í Reykjavík, fimmtudaginn 9. maí kl. 13 og í beinu streymi á Zoom. Þetta var 16. aðalfundur félagsins og á hann voru mættir fulltrúar 12 af 20 aðildarfélögum en alls 15 einstaklingar. Guðrún Vala Elísdóttir, formaður kynnti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári. Í máli formanns kom m.a. fram að stjórn lét þýða stefnuýfirlýsingu EAEA frá 2019 yfir á íslensku og íslenska útgáfan væri nú aðgengileg á vef samtakanna. Veferindi Leiknar eru nú komin á sérstaka Youtube rás samtakanna og hvatti formaður alla viðstadda að skrá sig í áskrift. Fésbókarsíða samtakanna er megin fréttamiðillinn, en áfram eru þó send fréttabréf af og til. Þá sagði formaður einnig frá því að Covid19 hefði sett mark sitt á starfsemina, en bæði var fyrirhugað að stjórn héldi í námsferð til Danmerkur á vormánuðum með styrk úr KA1 hluta Erasmusplus og í maí höfðu Leikn og Kvasir í samvinnu við FA, EPAL og NVL ætlað að halda ráðstefnu um fullorðinsfræðslu. Þeirri ráðstefnu varð að fresta sökum breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Helgi Þ. Svavarsson, gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Tekjur Leiknar árið 2019 voru kr. 3.076.761 en áætlaðar tekjur voru kr. 2.655.000. Helsta skýring fyrir þessum mun er að Erasmusstyrkur var greiddur út í Evrum og lækkun íslensku krónunnar gagnvart Evrunni skapar auknar tekjur. Útgjöldin árið 2019 urðu kr. 1.692.084 sem er nokkru lægra en áætlun gerði ráð fyrir sem var kr. 2.672.000. Skýringin liggur í því að námsferð stjórnar til Danmerkur var frestað um ár. Rekstrarafgangur var því kr. 1.384.677 og eign í árslok nam kr. 2.548.329.

Gerðar voru fimm breytingar á samþykktum Leiknar sem allar voru samþykktar einróma. Fyrsta tillagan varðaði 2. grein og sneri að því að staðsetja heimili og varnarþing Leiknar þar sem aðsetur formanns er hverju sinni. Tillögur tvö og þrjú vörðuð breytingar á 14. greininni þar sem einfaldað var val á atkvæðabærum einstaklingum á aðal- og félagafundum auk þess sem ályktunarfærni fundanna var einfölduð. Krafan um aukinn meirihluta aðildarfélaga var felld út en í staðinn sett ákvæði um að einfaldur meirihluta atkvæðabærra fundarmanna þyrfti til að uppfylla ályktunarbærni funda. Fjórða breytingartillaga snerist að 15. grein. Sú grein fjallaði um kröfu atkvæða til að breyta samþykktum Leiknar á aðalfundum. Þar var aftur tekið út að til þess þyrfti aukinn meirihluta aðildarfélaga í staðinn sett að einungi þyrfti aukinn meirihluta atkvæðabærra fundarmanna. Fimmta og síðasta tillagan varðaði sameiningu tveggja greina sem snerist um rétt til aðildar að samtökunum. Í þeirri breytinga tillögu fólst sú sögulega ákvörðun að opna fyrir umsóknir fræðslustofnanna og félagasamtaka sem ekki krefjast þess að félagar séu non-profit fyrirtæki. Við þessa breytingu fækkaði greinum samþykta samtakanna um eina.

Formannskjör átti sér stað hjá samtökunum. Guðrún Vala Elísdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Helgi Þ. Svavarsson bauð sig fram til starfsins og var kosinn af aðalfundi.

Breytingar urðu á stjórn Leiknar. Í stjórn Leiknar sátu áfram Eyjólfur Sturlaugsson, Guðfinna Harðardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir og Helgi Þ. Svavarsson en Guðrún Vala Elísdóttir, Helga Gísladóttir og Sólrún Bergþórsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þau sem gáfu kost á sér sem nýir fulltrúar í stjórn voru Fjóla María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífs, Eyrún Valsdóttir, Félagsmálaskóla alþýðunnar og Þór Pálsson, RAFMENNT, og voru þau boðin velkomin með lófaklappi.

Stjórnarfundir Leiknar

Fyrsti fundur stjórnar var haldinn 16. september 2020 í húsnæði Rafmenntar. Þar skipti stjórnin með sér verkum.

Helgi Þ. Svavarsson, formaður. SÍMEY (kosinn á aðalfundi)

Eyjólfur Sturlaugsson, varaformaður. Fræðslunet Suðurlands

Ingibjörg Kristinsdóttir, ritari. Framvegis

Guðfinna Harðardóttir, gjaldkeri. Fræðslusetrið Starfsmennt

Fjóla María Lárusdóttir, meðstjórnandi. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Eyrún Valsdóttir, varamaður. Félagsmálaskóla alþýðu.

Þór Pálsson varamaður. RAFMENNT.

Alls voru haldnir 8 stjórnarfundir, þar af 6 í fjarfundi.

Síðasti fundur stjórnar var haldinn 21. maí 2021 í húsnæði Starfsmenntar.

Helstu verkefni stjórnar

Innra starf

Á þessu starfsári bættust tvö aðildarfélög við í hópinn það voru RAFMENNT, fræðslusetur rafiðnaðarins, og Múltí Kúltí tungumálamiðstöð. Við fögnum því að þessir aðilar skuli hafa ákveðið að bættast í hópinn og er það sérstaklega ánægjulegt þar sem þeir auka á fjölbreytni aðildarfélaga. Múltí Kúltí er í fyrsti aðilinn í Leikn sem kemur inn eftir að samþykktum var breytt á þann veg að þær útiloka ekki lengur hagnaðardrífna fræðslustofnanir.

Eins og áður var nefnt, litaðist starf Leiknar af heimsfaraldrinum. Á stjórnarfundum var töluverð umræða um það með hvaða hætti Leikn gæti komið að því að hlúa að fullorðinsfræðslunni við þessar aðstæður og stutt hana með einhverjum hætti. Ljóst er hinsvegar að Leikn býr ekki enn yfir þeim slagkrafti sem þarf til að virka sem öflugur talsmaður fullorðinsfræðslunnar. Því fór starf vetrarins að miklu leyti í að skoða hvernig Leikn getur orðið þessi öflugi talsmaður fullorðinsfræðslunnar sem þörf er á. Litið var inná við og kannað með hvaða hætti samtökin geta nýtt takmarkaða krafta sína. Fyrsta skrefið í því var að kanna sýnileika samtakanna og réðst stjórnin í að útbúa og gera könnun varðandi þennan þátt. Í upphafi var ætlunin að kanna ásýnd Leiknar með almennu hætti í samfélaginu, en að lokum var ákveðið að gera könnun sem snéri fyrst og fremst að félagsmönnum og hversu vel þeir þekktu til Leiknar með sérstakri áherslu á fræðsluerindin. Í apríl sl. var könnunin send út og verða niðurstöður hennar kynntar hér á eftir. Svörunin var um 50% og því er nokkuð mark á henni takandi. Ljóst er af niðurstöðum könnunarinnar að Leikn þarf að taka sig á hvað varða samskipti við vettvanginn.

Fræðsluerindi voru ekki haldin á þessu ári. Ástæðan var sú að við vildum skoða fyrst hvernig hægt væri að gera þau sýnilegri og gagnlegri fyrir vettvanginn. Mjög lítil aðsókn hefur verið á fræðsluerindin og þau varla verið fyrirhafnarinnar virði.

Gagnageymsla og skjalastjórnun Leiknar var aðeins tekin til skoðunar. Ljóst er að í þessum faraldri reyndist Leikn ekki vera í stakk búið að vista skjöl með miðlægum hætti. Vinna hófst við að breyta því og stofnaði Leikn Onedrive reikning sem stjórnarmenn hafa aðgang að og geta vistað skjöl. Innleiðingunni er ekki lokið en með nýrri stjórn ætti þeirri vinnu að ljúka.

Námsferð Leiknar.

Útbúin var auglýsing vegna námsferða fyrir félagi í Leikn sem styrktar eru af Erasmus+ menntaáætlun ESB og fellur undir flokkinn Náms- og þjálfun. Stjórn Leiknar heldur utan um umsýslu þeirra. Sett voru fram viðmið vegna umsókna sem miða að því að þeim lærdómi sem aflað er sé hægt að miðla til fleiri í lok heimsóknar. Einnig stendur til að stjórn Leiknar fari í námsferð til Kaupmannahafnar ef tækifæri fæst til þess.

Ytra - starf

Í apríl 2020 fékk Leikn bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir tveimur tilnefningum í samhæfingarhóp þar sem skoðuð er staða námsmanna og atvinnuleitenda, atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem Covid-19 skapaði í íslensku samfélagi. Ingibjörg Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Framvegis og stjórnarmeðlimur Leiknar og Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri Iðunnar buðu sig fram og sitja í hópnum sem aðal- og varamaður. Hópurinn er undir forystu Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og Ásmundar Einars Daðasonar félags- og barnamálaráðherra og er Gylfi Arnbjörnsson verkefnastjóri hópsins. Hópnum var ætlað að samhæfa aðgerðir og upplýsingastreymi og koma með tillögum að hvernig

æskilegast er að bregðast við alvarlegri stöðu vinnumarkaðarins með vinnumarkaðsaðgerðum og menntaúrræðum sem hvetja til virkni og hæfniuppbyggingar til framtíðar. Skipun hópsins gilti út árið 2020. Ekki verður farið nánar í niðurstöður þeirrar vinnu hér, en starfið var umfangsmikið og tímafrekt og þurftu okkar fulltrúar að mæta á fundi með mjög skömmum fyrirvara þarna um vorið og fram á sumar. Á vormisseri 2020 ákvað Ingibjörg að draga sig í hlé úr hópnum og tók Hildur Elín Vignir við keflinu. Þær stöllur héldu merki fullorðinsfræðslunnar á lofti í þessum stóra hóp og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þeirra framlag þar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða Leiknar www.leikn.is er hýst af Netvöktun ehf. og þar er efni Leiknar vistað s.s. fundargerðir og önnur gögn. Stjórn vill hvetja aðildarfélagi til þess að koma á framfæri efni eða ábendingum um efni sem þeir telja að þar eigi heima.

Facebook síða Leiknar <https://www.facebook.com/Fullordnir/> er mjög virk. Alls hafa 200 manns líkað við síðuna og 219 fylgja henni. Guðrún Lárusdóttir fyrrverandi stjórnarmaður Leiknar hefur verið mjög virk í að setja þar inn efni. Á Facebook síðunni eru m.a. alls konar upplýsingar um Evrópuverkefni, ráðstefnur, námskeið, fyrirlestra, erindi og fræðslu og allt sem snertir fullorðinsfræðslu héraðs sem erlendis. Þá er Leikn með Youtube rás, en hún kki verið virk hefur verið á, á þessu starfsári. Til stendur að efla veru Leiknar á samfélagsmiðlum en til þess viljum við líka leita til aðildarfélagi okkar til að hjálpa okkur með það.

Umfjöllun í fjölmiðlum.

Eitt af því sem kom í ljós strax þegar faraldurinn byrjaði að geisa var að stjórnvöld virtust ekki ætla að virkja fullorðinsfræðsluferfið með þeim hætti sem það getur unnið. Formlega skólakerfið átti huga mennta- og menningarmálaráðuneytisins á samráðsfundum menntastofnana sem haldnir voru vikulega í upphafi faraldursins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fulltrúa Kvasis og Leiknar að fá orðið á þeim fundum til að segja frá stöðunni og hvernig fullorðinsfræðslan gæti verið virkjuð til að létta undir formlega skólakerfinu eða hjálpa til við að grípa einstaklinga sem flosnuðu úr starfi eða námi þá fengum við ekki orðið. Þar af leiðandi hóf formaður að rita greinar í Fréttablaðið sem ætlað er að tengja við Stefnuyfirlýsingu EAEA sem þýdd var og gefin út af Leikn á sl. ári. Þessum greinum er ætlað vekja almenning til umhugsunar um málefni fullorðinsfræðslunnar. Tvær greinar hafa fengist birtar. Fyrirgreinin birtist 20 janúar 2021 í Fréttablaðinu og bar yfirskriftina „I“. En sú seinni birtist 6. apríl undir yfirskriftinni „Fullorðinsfræðslan og lýðræðið“. Von er á fleiri greinum um málefni fullorðinsfræðslunnar á næstu misserum.

Samstarfsverkefni

Lítið var um samstarfsverkefni á liðnu ári. Þó tók Leikn þátt í að skipuleggja og setja á fót ráðstefnu sem Kvasir hafði frumkvæði að í tilefni af 20 ára afmælis sínu árið 2020. Að ráðstefnunni stóðu, auk Kvasis og Leiknar, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu - NVL. Heimsfaraldurinn hafði óhjákvæmilega mikil áhrif á ráðstefnuna sem upphafleg átti að vera 13. maí 2020. Í staðinn var ráðstefnan haldin þann 18. mars 2021. Almanntengslafyrirtækið Svartir Tindar sáu um ráðstefnuna sem tókst með eindæmum vel. Yfirskrift ráðstefnunnar var “Símenntun nýrra kynslóða” og fjallaði um hvaða væntingar og þarfir nýjar kynslóðir hafa í símenntun.

Alþjóðlegt samstarf

Norrænir fundir

Starfið er í lágmarki en haldinn var einn fundur á netinu. Á þeim fundi var ákveðið að hittast næst þegar hægt væri að hittast staðbundið. Á fundinum var farið yfir stöðu fullorðinsfræðslunnar á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum.

Ársfundur EAEA

Ársfundur EAEA var haldinn á netinu 9. júní sl. Lítið hefur verið um fundi. Þó hafa samtökin reynt að halda fundi á netinu sem flestir hafa snúist um viðbrögðin við faraldrinum og að efla þátt fullorðinsfræðslunnar en það lítur út fyrir að fullorðinsfræðslan eigi undir högg að sækja. Næsti ársfundur EAEA verður haldinn 22. júní 2021 í fjarfundi. Leikn sendir á hverju ári yfirlitsskýrslu til EAEA um stöðu fullorðinsfræðslu á Íslandi.

F.h. Stjórnar Leiknar

Helgi Þ. Svavarsson, formaður

Formadur@leikn.is

Félagsaðilar Leiknar árið 2019-2020

Austurbrú - Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstöðum

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarbyggð

Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV landi, Faxatorgi, 550 Sauðárkróki

Félagsmálaskóli alþýðu, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

Fjölmennt, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík

Framvegis miðstöð símenntunar, Skeifan 11b, 108 Reykjavík

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Skipholti 50b, 105 Reykjavík

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgata 12, 400 ísafirði

Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi, Tryggvagata 13, 800 Selfossi

Fræðslusetrið Starfsmennt, Skipholti 50b, 105 Reykjavík

IDAN-Fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ

Mímir-símenntun, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Múltí Kúltí, Bolholti 4, 105 Reykjavík

Námsflokkar Hafnarfjarðar, Menntasetrið við Lækinn, 220 Hafnarfirði

Námsflokkar Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

RAFMENNT -fræðslusetur rafiðnaðarins, Stórhöfðr 27, 110 Reykjavík

SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þórsstíg 4, 600 Akureyri

Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarbyggð

Viska – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar

Þekkingarnet Þingeyinga, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík,